

ólögmætt samúðarverkfall gagnvart stefnanda í sambandi við vinnudeilu, er stefndi ásamt öðrum átti í s.l. vetur við Verkalýðs- og sjómannafélag Gerða- og Miðneshrepps.

Málið nr. 7/1943: Vinnuveitendafélag Íslands f. h. H/f Miðnes gegn Alþýðusambandi Íslands eða til vara Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðs- og sjómannafélags Gerða- og Miðneshrepps, sem nú er rekið hér fyrir dómi, snýst um það, hvort verkfall það, sem nefnt verklyðsfélag hóf 27. jan. s.l. og beindist m. a. gagnvart stefnanda hafi verið löglegt. Er í því máli gerð krafa um það, að verkfallið verði metið ólöglegt frá upphafi gagnvart stefnanda þessa máls.

Með því að deilt er þannig að nokkru leyti um lögmæti verkfalls þess, sem stefndi er sóttur til sakar fyrir að hafa stutt, þykir eftir atvikum rétt að fresta dómsuppsögu í máli þessu þar til fengin eru úrslit í félagsdómsmálinu nr. 7/1943.

Því úrskurðast:

Dómsuppsögu í máli þessu er frestað, unz úrslit eru fengin í málinu nr. 7/1943.

Þriðjudaginn 26. október 1943.

Nr. 17/1943. Síldarverksmiðjur ríkisins

(Einar B. Guðmundsson hrl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Þróttar (Ragnar Ólafsson hrl.).

Mál út af ágreiningi um kaupgjaldsákvæði kjarasamnings.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 8. júlí þ. á., af Síldarverksmiðjum ríkisins gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verkamannafélagsins Þróttar, Siglufirði.

Málavextir eru þessir:

Í síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði er tilhögun vinnu sú, að unnið er í vöktum meðan síldarvinnsla stendur yfir. Vinna vaktamenn tvær 6 stunda vaktir eða 12 tíma samtals á sólarhring. Verkamenn þessir munu vera ráðnir með mánað-

arkaupi og þar þeim samkvæmt samningum þeim, er í gildi voru árin 1941 og 1942 að skila 54 klst. á viku upp í mánaðar-kaupið, en fengu 6 stundir á viku greiddar með eftirvinnu-kaupi. Almennur vinnutími var þá 10 stundir á dag.

Þann 7. sept. 1942 sömdu aðiljar máls þessa um kaup og kjör verkamanna við sildarverksmiðjurnar. Voru þá miklar breytingar gerðar á eldri samningum. Vinnudagurinn stytur í 8 stundir og margs konar breytingar gerðar á kaupum. Meðal annars voru sett nýmæli um kaffi- og matartíma og greiðslur fyrir vinnu í þeim. Eru ákvæði um þetta í 3. gr. samningsins, er hljóðar svo:

„Kaffitími í dagvinnu sé frá kl. 9 til 9.30. Sé unnin eftirvinna þá frá kl. 4 til 4.15 e. h. Sé unnin næturvinna, skulu kaffitímar vera sem hér segir: Kl. 11.45 til kl. 12 og kl. 3.30 til kl. 4. Matartími skal vera frá kl. 12 til kl. 1 eftir háð. og kl. 7 til kl. 8 e. h. Kaffitímar og matartími frá kl. 7 til 8 e. h., sem falla inn í vinnutímabil, reiknast sem vinnutímar, og sé unnið í þeim, reiknast tilsvarendi lengri tími, kaffitími kl. 9 f. h. og matartími kl. 12 á hádegi reiknast sem eftirvinna, ef unnið er. Í matar- og kaffitímum skal því aðeins unnið, að verkamenn séu fúsir til þess.“

Um vaktavinnuna er ákvæði í 10. gr. samningsins, en hún er svo hljóðandi:

„Á meðan sildarvinnsla stendur yfir í verksmiðjunum, skulu allir fastráðnir verkamenn, sem við þær vinna, vinna í vöktum, og þer þeim að skila 45 klst. á viku fyrir mánaðar-kaup. Þó er það í vali verksmiðjanna, hvort útimenn eru látnir ganga á vaktir eða ekki. Skylt skal verkamönnum að ganga á víxl á nætur- og dagvaktir.“

Áður en sildarvinnsla skyldi hefjast í sumar, kom upp ágreiningur milli aðilja máls þessa um það, hvernig skilja bæri nefnd samningsákvæði. Hélt stefnandi því fram, að ákvæði 3. gr. samningsins ættu ekki við um vaktamennina, heldur skyldi aðeins farið eftir 10. gr. samningsins, og þeir þannig fá 4½ klst. eftirvinnukaup fyrir 2 sex stunda vaktir. Stefndi taldi hins vegar, að vaktmönnum bæri sérstök greiðsla fyrir unna kaffi- og matartíma samkvæmt ákvæðum 3. gr. samningsins og ættu þeir því eftirvinnukaup fyrir 5¼ klst. sólarhring hvern.

Út af þessum ágreiningi hefur stefnandi höfðað mál þetta og eru dómkröfur hans þær, að viðurkennt verði, að 10. gr.

fyrirgreinds samnings frá 7. sept. 1942 beri að skýra sjálfstætt og án tillits til 3. gr. sama samnings, þannig, að hverjum verkamanni, sem samkvæmt framansögðu vinnur á vöktum, beri að greiða umsamið mánaðarkaup, að viðbættu  $4\frac{1}{2}$  klukkustundur eftirvinnukaupi á sólarhring hverjum.

Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að ákvæði 3. gr. nefnds samnings eigi aðeins við um venjulega daglaunavinnu. Vaktavinnan samkvæmt 10. gr. samningsins sé hins vegar annars eðlis, og því óeðlilegt, að fyrirmæli 3. gr. nái til hennar, en ákvæði þeirrar greinar, sem séu að miklu leyti nýmæli, muni vera tekin upp eftir samningum annarra félaga, þar sem ekki sé um neina vaktavinnu að ræða. Telur stefnandi, að nauðsynlegt hefði verið að taka það skýrt fram í samningnum, ef tilætlunin hefði verið, að eftirvinnukaup vaktamanna skyldi reikna eftir ákvæðum oftnefndrar 3. gr. Þetta hafi ekki verið gert, en hins vegar taki 3. gr. samningsins sjálf af öll tvímæli um þetta, því ljóst sé af niðurlagsákvæði hennar, sem stangist algerlega á við ákvæði 10. gr., að hún geti ekki í heild átt við um vaktamenn.

Stefndi hefur mótmælt þessum skilningi stefnanda. Telur hann, að 3. gr. eigi tvímælalaust við vaktavinnuna, og hafi ekki verið þörf á því að taka slíkt sérstaklega fram. Mótmælir hann því, að niðurlagsákvæði 3. gr. útiloki, að sú grein geti átt við um vaktavinnuna. Telur hann, að nýmælin í 3. gr., sem tekin voru upp í samningana 1942, hafi að sjálfsögðu átt að vera jafnt til hagsbóta fyrir alla þá, er kaup áttu að taka samkvæmt samningnum, enda hafi tilætlunin verið sú, að sömu hlutföll og áður höfðu verið milli daglaunavinnu og vaktavinnu skyldu haldast áfram samkvæmt samningnum frá 1942 og væri hann einmitt saminn með það fyrir augum. Væri nú að því ráði horfið að reikna eftirvinnukaupið á þann hátt, sem stefnandi vildi gera, væri með því raskað eldri hlutföllum milli tímavinnumannanna og vaktamanna, hinum síðari í óhag og eðlilegt samhengi milli einstakra ákvæða samningsins rofið.

Framangreindur samningur frá 7. sept. 1942 fjallar um kaup og kjör verkamanna almennt við Síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði. Er í honum gert ráð fyrir tvenns konar tilhögun

á kaupgreiðslum, tímakaupi og mánaðarkaupi og verður ekki annað séð, en að ákvæði hans um dagvinnu, eftirvinnu, matar- og kaffitíma eigi almennt við um hvortveggja kaupgreiðslurnar. Þá er ákvæði áðurnefndrar 10. gr. um skyldu fastra starfsmanna til þess að vinna í vöktum, en þeir eru ráðnir með mánaðarkaupi. Í þessari grein segir aðeins, að þeir skuli skila 45 klst. á viku fyrir mánaðarkaupið, en að öðru leyti eru þar engin sérákvæði um greiðslu fyrir eftirvinnu, né um matar- eða kaffitíma. Telja verður, að tilhögun vaktavinnunnar sé að vísu með þeim hætti, að ekki hefði verið óeðlilegt, að um hana giltu aðrar kaffi- og matartímareglur en um venjulega daglaunavinnu. En með því að nefnd grein hefur engin sérákvæði um þetta og þannig frá samningnum gengið, að sama máli getur yfirleitt gegnt, að þessu leyti, um daglaunamenn og mánaðarkaupsmenn, þá hefði, að áliti dómsins, þurft að taka það sérstaklega fram, ef ákvæði 3. gr. um matar- og kaffitíma áttu ekki að gilda um vaktavinnuna. Með því að þetta hefur ekki verið gert, er ekki hægt að fallast á kröfur stefnanda í málinu. og ber því að taka til greina sýknukröfu stefnda.

Eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verkamannafélagsins Þróttar á Siglufirði, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Síldarverksmiðja ríkisins, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 29. október 1943.

Nr. 19/1943. Alþýðusamband Íslands f. h. Iðju, félags verk-  
smiðjufólks í Reykjavík (Ragnar Ólafsson hrl.)  
gegn

Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Félags ís-  
lenzkra iðnrekenda (Eggert Claessen hrl.).

Mál út af ágreiningi um skilning á kjarasamningi.

Dómur.

Mál þetta er höfðað af Alþýðusambandi Íslands f. h. Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík gegn Vinnuveitendafélagi